

FÖSTUDAGSMOLINN



UMHVERFISDAGUR

Á miðvikudaginn ætlum við að halda sameiginlegan umhverfisdag leik-, grunn- og tónlistarskóla. Við ætlum að snyrta umhverfið í kringum okkur og við viljum líka hvetja alla íbúa Húnaþings vestra til þess að gera slíkt hið sama. Umhverfisstjóri og starfsmenn Hirðu ætla að koma til móts við okkur með því að hafa auka opnun hjá Hirðu þennan dag milli klukkan 13 og 17. Einnig verður Nytjamarkaðurinn opinn milli klukkan 15 og 18. Þar verður hægt að skila af sér gulli sem getur fengið framhaldslíf nú eða versla og gefa þar með gulli framhaldslíf. Við viljum líka hvetja starfsfólk, nemendur og alla sem geta að sleppa því að nota bílana þennan dag og ganga í skólann eða til vinnu. Við erum með viðburð á facebook þar sem við munum koma með allar upplýsingar og einnig hvetjum við alla sem taka þátt til þess að setja myndir og myndbönd inn á viðburðinn. Við hlökkum til þess að sjá fyrir og eftir myndir af snyrtum svæðum, myndir af fólki að ganga í stað þess og keyra og aðalega hlökkum við til þess að sjá ykkur taka þátt í deginum með okkur.



HÉR GETUR ÞÚ SKOÐAÐ VIÐBURÐINN



FRAMUNDAN

Mánudagur 18. september

Matseðill: Steiktur fiskur, kartöflur, ofnbakað grænmeti, kartöflur, laukfeiti, salat og grænmeti.

- Morgunsöngur kl. 8:20
- Nemendaráðsfundur kl 8:20

Þriðjudagur 19. september

Matseðill: Sænskar kjötbollur (inniheldur svínakjöt), kartöflur, sósa, grænar baunir, rauðkál, sulta, salat og grænmeti.

Miðvikudagur 20. september

Matseðill: Ostafylltar fiskisteikur, kartöflur, salat og grænmeti.

- Umhverfisdagur leik-, grunn- og tónlistarskóla.

Fimmtudagur 21. september

Matseðill: Píta með buffi ásamt kartöflubátum, 6. bekkur velur.

- Kóræfing í hádeginu.

Föstudagur 22. september

Matseðill: Grjónagrautur, slátur, brauð og brauðsalöt.



Þegar beðið er um leyfi fyrir nemendur í 1-2 daga er best að hafa samband við Helgu í síma 455-2900 eða senda tölvupóst á grunnskoli@skoli.hunathing.is. Lengri leyfi þarf að sækja um á [heimsíðunni](#).



Skólahlaup og berjaferð hjá 1. og 2. bekk og skólahóp leikskóla

